

Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

Lokaskýrsla verkefnis 2021-2022

21. aldar hæfni fyrir nemendur og starfsfólk grunnskóla Garðabæjar

Ábyrgðarskóli verkefnis: Hofstaðaskóli

Samstarfsskólar: Flataskóli, Sjálandsskóli, Álftanesskóli, Garðaskóli og Urriðaholtsskóli

Þátttakendur: Anna Svanhildur Daníelsdóttir, Elínborg Anna Siggeirsdóttir, Eygló Ragnheiður Sigurðardóttir, Elísabet Katrín Benónýsdóttir, Kristín Þórunn Guðmundsdóttir og Þóra Björg Hallgrímsdóttir

Verkefnisstjóri: Kennsluráðgjafar grunnskóla Garðabæjar

Ártal úthlutunar úr þróunarsjóðnum: 2021

Skólaár / tímabil sem verkefnið er unnið: 2021-2022

Skólastig: Yngsta stig grunnskóla, miðstig grunnskóla, unglingsstig grunnskóla, kennarar og stjórnendur.

Áherslupættir (hakað við eitt eða fleiri atriði sem við á):

- Fagmennska kennara Forvarnir Heilbrigði og velferð Jafnrétti
 Líðan Lýðræði og mannréttindi Læsi Mat á skólastarfi Samskipti og félagsfærni
 Sjálfbærni Skóli margbreytileikans Sköpun

Námsgrein (hakað við eitt eða fleiri atriði sem við á):

- Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál Íþróttir og hreyfing List- og verkgreinar Náttúrugreinar
 Samþætting námsgreina Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði
 Stærðfræði Upplýsinga- og tæknimennt

Vefslóð: <https://kennarar.gbrskoli.is>

Hnitmiðuð lýsing (100-150 orð)

Markmið verkefnisins er að efla og samhæfa færni starfsmanna í upplýsingatækni í grunnskólum Garðabæjar. Áherslur á innleiðingu á G-Suite, Office 365 og nýsköpun með tækni. Efla færni þeirra til að koma á mótis við nemendur með mismunandi þarfir s.s. bráðgera nemendur og stuðla að nýsköpun og skólaþróun allra grunnskólanna. Gera kennsluefnið aðgengilegt öllum á tíma sem hentar hverjum og einum. Myndböndin eru aðgreind eftir forritum, námsgreinum og stigi. Einnig má finna tengla á helstu gagnasöfn sem nýtast við kennslu og nám, leiðbeiningar um leit á internetinu, vefsíður og myndbönd um menntarannsóknir og annan fróðleik um kennslu.

Lýsing á framgangi verkefnisins: Verkefnið hefur verið unnið jafnt og þétt yfir skólaárið 2021-2022.

Byrjað var á að leggja fyrir kennara, skólastjórnendur og nemendur SELFIE könnunina. Markmiðið með könnuninni var að greina þarfir og skilgreina hvaða færni starfsmenn þurfa að búa yfir til að sinna

störfum sínum sem best og nýta niðurstöðurnar til að efla þá og samhæfa færni þeirra í upplýsingatækni. Í vefur var Selfie (*Self-reflection on Effective Learning by Fostering the use of Innovative Educational Technologies*) lögð fyrir skólastjórnendur, starfsfólk og nemendur til þess að fá 360°sjónarhorn á nýtingu tækninnar í skólastarfinu. Í framhaldi af skoðun á niðurstöðum réðust kennsluráðgjafar í að setja upp vef með fræðsluefni fyrir starfsfólk. Niðurstöður SELFIE í hverjum skóla fyrir sig má finna í fylgiskjöllum. Vegna heimsfaraldurs og takmarkana sem ríkjandi voru í skólastarfinu var könnunin aðeins lögð fyrir að hausti en ekki aftur að vori eins og fyrirhugað var. Þess í stað var ákveðið að byggja upp heildstæðan vef sem er aðgengilegur og nýtist öllum sem vilja. Farið var í að greina hvaða efni þyrfti að vera á síðunni í fyrstu útgáfu og veftréð búið til. Því næst var farið að safna myndböndum sem og að búa þau til til birtingar á síðunni <https://kennarar.gbrskoli.is>

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun: Covid-19 samkomutakmarkanir voru mikil hindrun og því ekki hægt að halda vinnustofur og ráðstefnur eins áætlað var. Var því lögð meiri áhersla á vinnu við vefinn svo hægt væri að nálgast leiðbeiningar og kennsluefni með auðveldum hætti, hver fyrir sig. Vegna fjöldatakmarkana þurftu kennsluráðgjafar að styðja og leiðbeina kennurum í minni hópum eða einstaklingslega.

Mat á verkefninu Vefur verkefnisins er góð byrjun á því að geta boðið upp á samþætta þjálfun og greiðan aðgang að kennsluefni fyrir starfsfólk grunnskóla Garðabæjar. Vefurinn er enn í vinnslu og möguleiki er á að þróa hana áfram og bæta við efni. Tækjabankinn á síðunni kemur til með að bjóða upp á að skólar geti samnýtt tækjakost skólana sem er mjög misjafn og gott að geta prófað eitthvað nýtt áður en fjárfest er í nýjum tækjum eða til að geta bætt við til að mæta nemendafjölda hverju sinni.

Lokaorð

Kynningar á verkefninu: Verkefnið var kynnt í upphafi skólaárs á kennarafundi í hverjum skóla fyrir sig og kannanirnar (SELFIE) voru lagðar fyrir á kennarafundi. Til stendur að kynna vefsíðuna í upphafi skólaárs sem og á Menntadegi Garðabæjar.

Heildarupphæð styrks: 3.500.000 kr.

Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
9. júní 2022	Vinna Anna Svanhildur Daníelsdóttir	583.333 kr.
9. júní 2022	Vinna Elínborg Anna Siggeirsdóttir	583.333 kr.
9. júní 2022	Vinna Elísabet Katrín Benónýsdóttir	583.333 kr.
9. júní 2022	Vinna Eygló Ragnheiður Sigurðardóttir	583.333 kr.
9. júní 2022	Vinna Kristín Þórunn Guðmundsdóttir	583.333 kr.
9. júní 2022	Vinna Þóra B. Hallgrímsdóttir	583.333 kr.

10. júní 2022 Anna Svanhildur Daníelsdóttir, Elínborg Anna Siggeirsdóttir, Elísabet K. Benónýsdóttir, Eygló Ragnheiður Sigurðardóttir, Kristín Guðmundsdóttir og Þóra B. Hallgrímsdóttir.
dags. nafn verkefnisstjóra

dags. nafn skólastjóra ábyrgðarskóla